

**EFNI: AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS****VERKNR:****SA118****DAGS: 04.05.2017**

Fundur með heimamönnum um flokkun landbúnaðarlands, haldinn í Árnesi kl. 10:00 – 12:00.

Mætt voru: Bjarni Einarsson, Sigrún Bjarnadóttir, Hrafnhildur Ágústsdóttir, Aðalsteinn Guðmundsson, Georg Kjartansson, Kristófer Tómasson, Ásgeir Jónsson og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

## 1 FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS

Ásgeir hélt kynningu á flokkun landbúnaðarlands og fór m.a. yfir aðferðarfræði flokkunarinnar og þau gögn sem notuð eru við hana. Þá fjallaði hann einnig um aðstæður í sveitarfélaginu en þær eru nokkuð sérstakar þar sem land er flatlent sunnan til en ræktun er engu að síður víða erfið vegna Þjórásarhraunsins sem liggur víða við eða rétt undir yfirborðinu. Loks útskýrði hann þá fjóra flokka sem land sveitarfélagsins er flokkað í, flokk I-IV. Einkum er horft til lands í flokkum I og II en það er það land sem hentar best til ræktunar korns.

Að kynningu lokinni var farið yfir drög að flokkun og heimamenn komu með athugasemdir og/eða ábendingar um flokkunina og gátu einnig gefið upplýsingar um aðstæður á einstaka stað.

Tekið saman á Hellu 11. september 2017.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Ásgeir Jónsson